

# Brýnið

9. árg. 2. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um trúskurð

april. 2004

## Frá formanni

Nú er vetrarstarfið senn að baki, en í febrúar var haldið myndbandakvöld, þar sem sýnd voru myndbönd og félagar komu með útskurðarbækur til að sýna hvor öðrum. Í mars var haldinn fræðslufundur um Bólu-Hjálmar, ævi hans og útskurð. Þátttaka var fremur dræm á annars fróðlegu og skemmtilegu erindi.

Vorsýning félagsins er framundan, en sýningin verður laugardaginn 1. maí og sunnudaginn 2 maí n.k. kl. 13:00-17:00 báða dagana. Sýningin verður í tengibyggingu safnaðarheimilis Háteigskirkju v/Háteigsveg í Rvk.

Heiðursgestur sýningarinnar er Matthías Andrésson, en viðtal er við hann í opnu Brýnisins. Félagsmenn eru hvattir til þáttöku í sýningunni. Lengi hefur verið rætt um það meðal félagsmanna að skortur væri á aðgengilegum íslenskum teikningum eða myndum til að skera út eftir.

Stjórnin samþykkti að bæta úr þessu og var Halldóri Vilhelmssyni falið að gera teikningar að fyrirmyndum m.a. úr Þjóðmynjasafninu, sem mikill fengur er að. Er Halldóri þakkað hans góða framlag í þessu sambandi. Þá hefur félagið keypt nokkrar teikningar frá Noregi og er Elsu Þóru Eggertsdóttur þakkað fyrir þá fyrirhöfn að hafa haft milligöngu í útvegun þeirra. Þá hefur félagið einnig keypt teikningar eftir hana, en hægt er að kaupa slíkar teikningar. Þessar teikningar er hægt að nálgast hjá Friðgeiri Guðmundssyni, gegn leigugjaldi og tryggingu, en hann

hefur verið svo vinsamlegur að halda utan um þessar eignir félagsins. Í framhaldi er minnt á að fyrirhugað er að halda samkeppni um teikningar fyrir útskurð meðal félagsmanna í haust, þar sem dómnefnd mun úrskurða teikningar til verðlauna af félagsins hálfu. Eru félagsmenn hvattir til að taka þátt í samkeppninni og verða teikningar væntanlega sýndar á sérstakri haustsýningu félagsins sem verður í tilefni afmælisárs.

Nú þá verður vefsíða félagsins uppfærð og opnuð að nýju 1. maí þegar vorsýning félagsins hefst. Á vefsíðu félagsins verður hægt að sjá upplýsingar um félagið og starfsemi þess á umliðnum árum, nokkrar af þeim teikningum sem nýlega hefur verið aflað og myndir af sýningum félagsins frá fyri árum ásamt tengingum í erlendar útskurðarsíður og skóla. Slóð á vefsíðu félagsins má sjá á baksíðu Brýnisins.

Þá hefur félagið loks látið skera út gestabók félagsins, sem liggar frammi á vorsýningunni, en Erni Sigurðssyni var falið það verk af stjórninni..

Nánar verður gerð grein fyrir starfseminni á haustmisseri í næsta Brýni, en fyrirhugað er að halda sérstaka afmælissýningu í haust ásamt teiknisamkeppninni sem fyrr var getið og m.a. að halda fræðslufund um höfðaletrið.

Með bestu útskurðarkveðjum,  
Vilhjálmur Siggeirsson

Heiðursgestur á vorsýningunni 1 og 2. maí nk.

## Matthías Andrésson

Vorsýning FÁT er væntanleg 1. maí þar sem Matthías Andrésson verður heiðursgestur. Margir áhugamenn um tréskurð þekkja til Matthíasar og verka hans. Fróðlegt verður því að sjá á einum stað hluta af því fjölmarga sem hann hefur gert um dagana. Tíðindamaður Brýnisins brá sér á dögunum til Matthíasar og ræddi við hann til að fá smá innsýn í líf hans og starf að tréskurði.

Matthías tók á móti mér með handabandi á vinnustofu sinni að Kársnesbraut 110 í Kópavogi. Aldurinn eitthvað farinn að segja til sín en hugurinn þó enn ungar og augun ljómuðu þegar farið var að ræða störf hans sem tengdust tréskurði og kennslu á þeim vettvangi.

Matthías hefur alla æfi verið við þessa iðju. “Afi leiddi mig fyrstu sporin við tálgun”. Enn á hann lítinn hest sem hann tálgaði, þá aðeins 8 ára gamall.




Auk þess að stunda tréskurð hefur Matthías sinnt kennslu í tréskurði bæði á höfuðborgarsvæðinu og eins úti á landi, þó lengst af hjá Heimilisiðnaðarfélaginu. “Ég hafði verið í teiknikennaradeild í Myndlista- og handíðaskólanum í Reykjavík.


Það er nú komin meira en hálf öld síðan. Kennarinn minn Friðrik Friðleifsson, öndvegismaður, kennið mér mikið í tréskurði. Það var fyrir hans tilstuðlan að ég hóf að kenna hjá Heimilisiðnarfélaginu. Þetta átti nú aðeins að vera tímabundið en teygði sig í um 25 ár.”

Aðspurður um hvaða aðferðum hann beitti við kennsluna, sagði Matthías:

“Ég geri nú lítið af því að hafa tilbúnar fyrrmyndir að verkum sem nemendur míni eru að vinna, mest er unnið eftir teikningum. Ef þeir hafa áhuga á að vinna eitthvað ákveðið verk þá er ég þeim innan handar með það en er ekki að láta þá fara einhverja eina ákveðna línu eða láta alla vinna sömu verkin”.



Um áramótin 2000 var Matthías sæmdur Riddarakrossi hinnar Íslensku Fálkaorðu fyrir störf í þágu íslensks handverks.



Enn er hann að og sýndi mér font fyrir moldun (notast við jarðarfarið). Sagðist hafa gert nokkra slíka gegnum árin.

Við skoðun mynda af verkum Matthíasar má glögglega sjá nokkra áherslu á Höfðaletrið.  
"Já, ég hef haft áhuga á Höfðaletrinu og vill forða því frá gleymsku"

Víða má finna í verkum hans skírskotun til gömlu sveitarmenningarinnar enda alinn upp í gömlum torfbæ og hefur því lifað tímana tvenna. Því má segja að áhugi og notkun á Höfðaletrinu sem og askasmíð Matthíasar hafi hjálpað til að forða því að falla í gleymsku og dá.


"Íslenskur tréskurðurinn sem iðngrein lagðist af um miðja síðast liðna öld en hefur lifað áfram svona sæmilegu lífi í formi tómstundavinnu. En ég finn fyrir vaxandi áhuga nú í seinni tíð og er því alls óhræddur um framtíð tréskurðar."

SG

## Lagningadagar í MH

25. febrúar 2004 var haldin kynning og verkefnavinna fyrir nemendur í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Á svokölluðum Lagningadögum er hefðbundið skólastarf brotið upp og nemendur takast á við ólik verkefni hverndagsins í skólanum.



Sigurjón Gunnarsson ásamt Birni Bergssyni, kennara við MH héldu námskeið sem tók 3 klukkustundir. Nemendafjöldi var upphaflega miðaður við 30 en þegar upp var staðið voru þeir nær 40.

Björn fór í sögu tréskurðar allt frá upphafi með aðstoð skjávarpa.

Tvær stuttmynndir voru sýndar, önnur af Ríkharði Jónssyni og hin úr starfi Skurðlistaskóla Hannesar Flosasonar.

Sigurjón ræddi um stíla og stefnur.

Mörg sýnishorn skurðverka voru til staðar sem og bækur. Fjallað var um og skoðuð helstu verkfærin, þ.e. skurðarjárn.



Að lokum fengu nemendur verkefni sem var lítið skeiðarform úr mahony sem þeir fengu að spreyta sig á og móta blað skeiðarinnar "í bak og fyrir". Mikill atgangur var við skurðinn og nemendur mjög áhugasamir og máttum við Björn hafa okkur alla við en allt gekk þetta upp. Var ekki annað að sjá en að nemendur færu ánægðir með skeiðina sína sem þeir höfðu í lokin borið á matarolíu svo hún væri tilbúin til notkunar.

#### Félagsmenn athugið.

Bækur, myndbönd og teikningar félagsins eru til útleigu hjá Friðgeiri Guðmundssyni, einnig á félagið myndir sem félagsmenn geta fengið að skoða. Síminn er 5607166 á daginn, en 5546775 og 8616775 á kvöldin, tölvupóstfang [fridgeirg@alcan.com](mailto:fridgeirg@alcan.com).



#### **Vorsýning FÁT 2004:**

Vorsýning félagsins verður laugardaginn 1. maí og sunnudaginn 2 maí n.k. kl. 13:00-17:00 báða dagana. Sýningin verður í tengibyggingu safnaðarheimilis Háteigskirkju v/ Háteigsveg í Rvk. Heiðursgestur sýningarinnar er Matthías Andrésson.

**Félagsmenn eru hvattir til þátttöku í sýningunni.** Móttaka á útskornum munum félagsmanna verður á sýningarstað föstudaginn 30. apríl kl. 18:00-19:00 og sækja þarf munina aftur sunnud. 2. maí strax að sýningu lokinni kl. 17:00.

# Gleðilegt summar

## BRÝNIÐ

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð  
Birkihlíð 32,  
105 Reykjavík

Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð  
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>

Halldór Kr. Vilhjálmsson,  
Furulundi 10,  
210 GARÐABÆR